



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 14. desember 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 17.00 í kaffihúsinu Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningareglur fasteignagjalda 2016

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningareglum fasteignagjalda fyrir árið 2016. Eftirfarandi álagningareglur voru samþykktar:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,47%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.000 kr. á íbúðarhúsnæði og að hámarki 30.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,225%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **37.465** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **11.794** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.168** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á endurvinnslustö* verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **6.000** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.



2. Fjárhagsáætlun 2016 – 2019 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2016-2019 til seinni umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu forsendum og breytum í áætluninni. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar. Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun 2016-2019 með áorðnum breytingum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2016 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 560.793 þús., þar af eru skatttekjur 391.744 þús. og rekstrartekjur 170.435 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 565.854 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 241.827 þús. Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 9.181 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 59.438 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 52.950 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 3.512 þús. og handbært fé verði í árslok 595.931 þús. Í áætlun árunna 2017-2019 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Fyrir fundinum lá tillaga að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi ásamt kynningarbréfi Ólafar Jósefsdóttur formanns verkefnisstjórnar sem vann áætlunina.

Í bréfinu kemur fram að tillagan ásamt umhverfisskýrslu hafi verið auglýst til kynningar í Lögbirtingablaðinu og í Fréttablaðinu þann 22. maí sl. og gefinn frestur til 3. júlí til að koma athugasemdum á framfæri. Verkefnisstjórn hafi síðan farið yfir þær ábendingar sem bárust og gert tilsvarendi breytingar á áætluninni eftir því sem þörf var talin á.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir þurfi að staðfesta svæðisáætlunina í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Þegar allar sveitarstjórnir á svæðinu hafi samþykkt áætlunina verði gengið frá endanlegri útgáfu,

Svæðisáætlunin inniheldur m.a. allitarlegt yfirlit yfir stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig og á starfssvæðum einstakra sorpsamlaga. Þar eru einnig settar fram megináherslur sveitarfélaga á Norðurlandi í úrgangsmálum fram til ársins 2026.

Sveitarstjórn samþykkti svæðisáætlunina fyrir sitt leyti

4. Bréf:

- a. Fundarboð á aðalfund Róta bs.

Í bréfinu kemur fram að aðalfundur Róta bs. verði haldinn fimmtudaginn 17. desember nk. á Ólafsfirði.

Bréfið var til kynningar.

- b. Flokkun Eyjafjörður ehf, dags. 6. nóvember 2015

Í bréfinu er vísað til þess að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs liggi nú fyrir og í ljósi þess vilji Flokkun Eyjafjörður ehf kanna hvort áhugi er fyrir stofnun byggðasamlags eða félags í öllum landsfjórðunum á sviði úrgangsmála. Tilgangur félagsins yrði að halda utan um úrgangsmál á svæðinu og fylgja svæðisáætlun eftir. Verkefnið yðri jafnframt að stuðla að aukinni samvinnu á Norðurlandi með áherslu á fræðslu, hagsmunagæslu og gagnaöflun. Sveitarstjórn ræddi málið og tók jákvætt í að til slíks félags verði stofnað en lagði til að Norðurá bs. verði falið að vera tengiliður svæðisins um framhald verkefnisins.



c. Rauða krossins á Skagaströnd dags. 1. desember 2015

Með bréfinu er kynntur jólasjóður Rauða krossins sem heitir „hjálpumst að um jólin“ og er í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu A-Hún og kirkjuna.

Samþykkt að veita 150 þús. krónum til jólasjóðsins til stuðnings við þá sem eru í fjárhagsörðugleikum um jólahátíðina.

d. Innanríkisráðuneytisins. dags. 30. nóvember 2015

Bréfið er kynning á meðfylgjandi úrskurði ráðuneytisins dags. 26. nóvember í stjórnsýslumáli nr. IRR14080069/200, kæru Rögnvaldar Ottóssonar á stjórnsýslu Skagastrandar vegna hitaveitu og ljósleiðaravæðingar.

Í úrskurðinum er málinu vísað frá ráðuneytinu.

Bréfið og úrskurðurinn voru til kynningar.

e. Stjórnar Snorrasjóðs, dags 30. október 2015

Með bréfinu er gerð grein fyrir verkefninu sem er rekið af Þjóðræknisfélagi Íslendinga og Norræna féluginu á Íslandi og lýtur að því að veita ungu fólki (18- 28 ára) af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnast Íslandi.

Með bréfinu er farið fram á fjárstyrk vegna verkefnisins. Erindi um fjárstuðning var hafnað.

f. Innanríkisráðuneytis, dags. 23. nóvember 2015

Ráðuneytið tilkynnir með bréfinu að gerðar hafi verið breytingar á lögræðislögum nr. 78/1997 og að þær breytingar taki gildi 1. janúar 2016. Vakin er athygli sveitarstjórna á að breyting hafi verið gerð á ákvæðum laganna um nauðungarvistanir og og sviptingu lögræðis.

Bréfið var til kynningar.

g. Húnaþings vestra, dags. 24. júní 2015

Fyrir fundinum lá bréf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs Húnaþings vestra. Í því kemur fram að í ljósi þess að gerður hefur verið þjónustusamningur við Húnaþing vestra um rekstur Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna sem gildir fyrir árin 2015-2017, þurfi að ganga frá uppsafnaðri skuld safnsins við Húnaþing vestra. Skuldin sé kr. 3.399.385 vegna hallareksturs árána 2013 og 2014. Meðfylgjandi var sundurliðun á skiptingu milli eigenda safnsins þar sem kostnaður sveitarfélagsins miðað við íbúatölu er 451.770 kr.

Sveitarstjórn ræddi málið og ákvað að fresta erindinu.

5. Fundargerðir:

a) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún 27.07.2015

i) Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu 2016

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun.

b) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 23.11.2015

i) Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla 2016

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun.



c) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 30.11.2015

i) Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2016

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun.

d) Stjórnar Róta bs., 30.11.2015

Fundargerðin var til kynningar

e) 23. ársþings SSNV, 16.10.2015

i) Samþykktir og þingsköp SSNV

ii) Ályktanir 23. ársþings

iii) Áskorun allra landshlutasamtaka á ráðherra og þingmenn

Fundargerð og fylgigögn voru til kynningar.

f) Stjórnar Hafnasambands Íslands, 16.10.2016

Fundargerðin var til kynningar

g) Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 5.11.2015

Fundargerðin var til kynningar

h) Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 26.11.2015

Fundargerðin var til kynningar

i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30.10.2015

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

Oddviti þakkaði sveitarstjórn samstarfið á árinu og óskað gleðilegra jóla. Hann færði sveitarstjórnarmönnum tónlistargjöf. Aðrir fundarmenn tóku undir árnaðaróskir og þökkkuðu samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 19.45

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson